

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dagsettum 10. maí 2004, ásamt síðari breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. janúar 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

Fylgiskjal.

REGLUR um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingum, setja Bændasamtök Íslands eftirfarandi reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna á tímabilinu:

1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt eiga handhafar bein-/gripagreiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða gripagreiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

2. gr.

Sú upphæð sem verður til ráðstöfunar á árinu 2014 er ákveðin á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 1037/2013. Fjárhæðin verður greidd til þeirra sem rétt eiga á greiðslunum, sbr. 1. gr., með þeim hætti sem hér segir:

- a) Jöfn greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð, skv. 1. mgr., greiðist til handhafa greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.
- b) Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð, skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli við árskúafjölda í þeim mánuði þegar greitt er.

3. gr.

Greiðslutilhögun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

Upphæðin greiðist með fjórum jöfnum greiðslum í maí, ágúst, nóvember 2014 og febrúar 2015. Til grundvallar hverri greiðslu liggja skýrsluskil síðasta ársfjórðungs fyrir greiðslumánuð ásamt því að skýrsluhaldari þarf að standast kröfur um kýrsýnatök fyrir allt yfirstandandi verðlagsár. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. að skýrslu sé skilað fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skal vera ein niðurstaða, þ.e. eitt sýni úr hverri mjólkandi kú á búinu tvisvar

sinnum á hverjum ársfjórðungi ársins 2014. Niðurstöður kýrsýna þurfa að hafa borist innan 15 daga frá því að ársfjórðungi lýkur. Ef ekki tekst af tæknilegum ástæðum hjá rannsóknastofu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) að greina niðurstöður fyrir einstaka gripi skal taka tillit til þess. Ný skýrsluhaldsbú skulu hafa skráð sig í skýrsluhald og skilað skýrslu reglulega og kýrsýnum fyrir undangenginn ársfjórðung, ásamt því að standast almennar ofangreindar kröfur.

4. gr.

Bú telst skýrsluhaldsbú hafi það verið skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2013. Með nýjum skýrsluhaldsbúum er átt við bú sem ekki voru skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2012, eða hafa haft eigendaskipti á verðlagsárinu 2012 eða seinna.

5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

Reykjavík, 30. desember 2013.

F. h. Bændasamtaka Íslands,

Eiríkur Blöndal.